

Sagafilm ehf.
Urðarhvarf 14
203 Kópavogur

Vestmannaeyjum 21. mars 2019
UST201903-191/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmynda- og ljósmyndatökuleyfi - Snæfellsjökull

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Sagafilm ehf, dagsett 19. mars 2019, um leyfi til kvikmyndatöku innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 568/2001. Hverskonar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Tökur fara fram við toppinn á Snæfellsjökli eða Öxi austan megin við jökullinn ef veður leyfir ekki að fara upp á topp. Jöklabíll frá Summit Guides verður notaður til að ferja tókuliðið og tæki upp á jökulinn. Sett verður upp eitt tjald til að veita tókuliði skjól á meðan tókurnar fara fram. Verið er að mynda fólk á göngu. Við tókurnar verður notaður dróni í einu skoti. Dróninn mun fljúga yfir Öxi eða topp Snæfellsjökuls eftir því hvar tókurnar fara fram. Flughæð er 20-50 metrar. Að tókunum koma 14 manns auk tveggja leiðsögumanna. Tökur fara fram laugardaginn 23. mars 2019 kl 9-14 ef veður leyfir en til vara sunnudaginn 24. mars eða mánudag 25. mars sama ár.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni ekki líklegt til að valda neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins sé þeim reglum fylgt sem gilda um svæðið. Framkvæmdin er þó talin hafa neikvæð áhrif á upplifun gesta á svæðinu meðan hún fer fram.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum og drónaflugi eins og lýst er hér að ofan á Snæfellsjökli þann 23. mars 2019 og til vara 24. eða 25. mars sama ár að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breytingar verða á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Upplýsa skal ferðaþjónustufyrirtæki sem bjóða upp á jöklaferðir um fyrirhugaðar tókur.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Haga skal flugi ómannaðra loftfara í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Linda Björk Hallgrímsdóttir

Linda Björk Hallgrímsdóttir
Sérfræðingur